



Stelipjófur

Orðið *stelipjófur* er skamrar-yrði sem við krakkarnir í Kópavoginum notuðum gjarnan á sjöunda áratugnum til að lýsa vandlætingu okkar á hegðun eða framkomu einhvers í vinahópnum, þegar við rifumst og fengum útrás með því að segja eitthvað til að sára stolt. Sjálfsgagt höfum við ekki gert okkur grein fyrir þeirri ásökun sem liggur í orðinu – jafnvel þótt hún sé eiginlega tvöföld – og það hefur áreiðanlega aldrei hvarflað að okkur að tengja orðið við *ritstuld* enda höfðum við ekki heyrt þetta orð á þeim árum, hvað þá orðið *ritþjófur*. Í þá daga var slíkur stuldur líka næsta fágætt fyrirbæri enda erfiðara um vik í þeim efnunum en nú. Með almennri netnotkun hefur ritstuldur hins vegar orðið algengari en áður og sjálfsgagt hafa flestir sem á annað borð fást við textagerð af einhverju tagi hugmynd um merkingu orðsins. Þrátt fyrir það virðist sem margir átti sig ekki á alvarleika ritstuldar og sniðgangi jafnsjálfsgaðan hlut og að gæta að höfundarétti.

Þjófnaður er litinn misjöfnum augum og sumum finnst til dæmis í lagi að stela ef hægt er að komast upp með það og ef enginn verður beinlínis fyrir tjóni. Það á t.d. við um þegar texti sem aðrir hafa samið er notaður án þess að geta höfundar, sumir láta meira að segja líta út fyrir að þeir hafi samið annarra manna texta sjálfir. Höfundaréttur er hins vegar þýðingarmikið hugtak, merkir að sá sem hefur skrifað texta sem hefur verið birtur einhvers staðar, t.d. í bók, blöðum eða á netinu, á einn rétt á honum. Öðrum er óheimilt að nota textann nema taka fram hvaðan hann kemur. Höfundaréttur á einnig við um tónlist, myndefni og hugverk af öllu tagi þótt orðið ritstuldur gefi til kynna að það eigi aðeins við um ritaðan texta. Ef efni er notað án þess að heimilda sé getið kallast það ritstuldur. Ritstuldur er alvarlegt mál og varðar við lög um höfundarétt. Þannig er t.d. óheimilt að sækja efni á netið og líma það inn í texta nema taka skýrt fram hvaðan efnið er fengið. Það nægir ekki að breyta orðalagi orlítíð eða gera útdrátt úr efninu til þess að gera það að sínu. Slíkt er líka óheimilt nema vísað sé til höfundar.

Tungutak

Svanhildur Kr. Sverrisdóttir
svansver@hi.is



Þótt ritstuldur sé stundum framinn vísvitandi, t.d. í skólaritgerðum, er ég sannfærð um að ritþjófar eru ekki alltaf meðvitaðir um afbrot sitt og oftast en ekki má kenna óvönduðum vinnubrögðum um frekar en ásetningu.

Venjan er að vísa þannig til höfundar að lesandinn geti á sem einfaldast hátt nálgast frumtextann sem vísað er til, hvort sem tilvísunin er bein eða óbein.

Þótt ritstuldur sé stundum framinn vísvitandi, t.d. í skólaritgerðum, er ég sannfærð um að ritþjófar eru ekki alltaf meðvitaðir um afbrot sitt og oftast en ekki má kenna óvönduðum vinnubrögðum um frekar en ásetningu. Ég á ekki von á því að lög um höfundarétt nái yfir sönghefti sem dreift er í afmælisboðum, ættarmótum eða á þorablótum en hins vegar ætti án undantekninga að geta höfunda textanna. Lögin ná hins vegar áreiðanlega yfir alla opinbera fjölmiðla, tímarit og vefsíður sem miðla efni sem ætlað er almennum lesendum, t.d. efni sem þýtt er úr erlendum tungumálum, endursagt eða fengið frá öðrum á samþærligan hátt. Nákvæmni í meðferð heimilda sker oft úr um þann sess sem viðkomandi miðill öðlast hjá lesendum. Sem dæmi um vefi þar sem viðhöfð eru vönduð vinnubrögð má nefna Vísindavefinn og Doktor.is. Aðrir vefmiðlar mættu taka sér þá til fyrirmyndar.

Úrval verka fulltrúa okkar í Feneýjum

Hálf öld er liðin síðan íslenskir myndlistarmenn sýndu fyrst á Feneýjatvíæringnum. Í dag verður opnuð á Kjarvalsstöðum umfangsmikil sýning þar sem safnað hefur verið verkum allra 22 íslensku listamanna sem þar hafa sýnt, verkum sem voru öll í Feneýjum.

Einar Falur Ingólfsson efi@mbl.is

Feneýjatvíæringurinn er iðulega kallaður „sýning sýninganna“, enda elstur allra listvíæringa og víðamesti myndlistarviðburður sem um getur. Tvíæringurinn byggist á skánum þáttökupjóðanna, auk annarra sýninga, og á sýningunni sem verður opnuð á Kjarvalsstöðum í dag má sjá verk sem allir 22 fulltrúar Íslands hafa sýnt á Feneýjatvíæringnum. Laufey Helgadóttir listfræðingur er sýningarstjóri og hún segir að á sýningunni sé hægt að fá at-
hyglisverða yfirsýn yfir íslenska myndlistarsögu síðustu áratuga.


„Þetta eru allt góðir listamenn, meðal okkar fremstu,“ segir Laufey. „Þetta er í raun sýning um margar sýningar, því hér eru verk frá öllum okkar fulltrúum.“

Fyrstu fulltrúar Íslands, árið 1960, voru þeir Jóhannes S. Kjarval og Ásmundur Sveinsson; verk þeirra voru sýnd í norræna skálanum. Næst áttum við fulltrúa árið 1972, Svavar Guðnason og Þorvaldur Skúlason sýndu þá í ítalska skálanum, með fulltrúum margra þjóða.



Steingrímur Eyfjörð (1954), The Curlew.

Árið 1976 buðu Ítalir Sigurði Guðmundssyni að sýna, á hliðarsýningu með framúrstefnulist, og honum var aftur boðið árið 1978 og var fulltrúi Íslands í norræna skálanum. Árið 1980 sýndi Magnús Pálsson, í boði norrænu sýningu.



Sigurður Árni Sigurðsson (1963), Jardin P.2., 1999. Í einkaeigu.